
N O R Ð F I R Ð I N G U R

1. tölublað 1984 8. árgangur.

SÓLARKAFFI

Norðfirðingafélagsins verður haldið
í Átthagasal Hótel Sögu, sunnu-
daginn 5. febrúar 1984, kl. 15.00
stundvíslega.

Dagskrá: Kaffi og pönnukökur.

Myndasýning: Gömlum myndum
að heiman brugðið á tjald.

Mætum öll...

Viðtakandi:

Aðalfundur félagsins var haldinn 28. nóvember s.l. að Hótel Sögu, Átthagasal. Fundinn sátu 85 manns sem telst nokkuð gott af aðalfundi að vera.

Aðalfundir félagsins hafa að undanfögnu verið haldnir það nærri jólum, að tækifæri hefur skapast til þess að gera heilmikla jólastemningu. Að þessu sinni voru borð prýdd með greni og jólastjörnum og jólaljós loguðu á hverju borði.

Þær breytingar urðu á stjórn félagsins að þær Hulda Aðalsteinsdóttir og Sigurlaug Þorleifsdóttir gengu úr stjórninni að þessu sinni og eru þeim hér með þökkúð vel unnin störf í þágu félagsins. Í stað þeirra voru kosin í stjórn þau Gígja Guðjónsdóttir og Sigþór Sigurjónsson og eru þau boðin velkomin til starfa. Auk þeirra skipa stjórnina Jón Karlsson formaður, Jón Guðmundsson, Pálmar Magnússon, Elsa Christensen og Sigrún Þorsteinsdóttir. Ýmislegt var til skemmtunar á aðalfundinum s.s. myndasýning, sem Jón Karlsson hafði með höndum. Þar gaf að líta myndir aðallega frá árunum 1955-1960 af iðandi lífi í kringum silfur hafsins, sem þá var í algleymingi.

Jóhannes Stefánsson flutti okkur ágætan fréttapistil að heiman, en hann hefur alltaf verið boðinn og búinn þegar leitað hefur verið til hans með efni á fundi hjá félaginu. Eru honum hér með færðar bestu þakkir fyrir.

Birgir Sveinsson útvegaði okkur ágætan söngvara, Ólaf Magnússon, frá Mosfelli. Ólafur söng hjartnæm ættjarðarlög þ.á.m. eftir okkar ástsæla tónskáld, Inga T. Lárusson. Undirleikari var Reynir Jónasson. Góður rómur var gerður að söng og undirleik þeirra. Séu þeim Birgi, Ólafi og Reyni þakkir skyldar.

Jólakort til fjáröflunar safnaðarheimilis kirkjunnar okkar heima, voru til sölu á fundinum og seldust upp, 300 talsins.

Árshátíð félagsins verður haldin að Hótel Loftleiðum, Víkingasal, laugardaginn 17. marz n.k. Stjórn félagsins mun sjá um að vandað verði til allrar dagskrár- og skemmtiatriða og vonast til að sem flestir Norðfirðingar sjái sér fært að mæta og eiga saman góða kvöldstund.

Norðfirðingur mun þegar þar að kemur greina nánar frá dagskrá árshátíðar-

innar.

Samhliða þessu fréttabréfi eru sendir gíróseðlar fyrir félagsgjöldum, sem hafa verið ákveðin kr. 100,- á félagi og er það sama gjald og gildi fyrir árið á undan, en það er að sjálfsögðu ákveðið með hliðsjón af hjöðnun verðbólgu. Vonumst við til þess, að félagar greiði árgjaldið fljótt og vel.

Við vonum, að sem flestir sjái sér fært að mæta á "Sólarkaffið" þann 5. febr. n.k. og að þá muni gefast góður tími til að ræða saman yfir kaffi og pönnukökum. Þess má geta, að á síðasta "Sólarkaffi" mættu 250 manns. Gaman væri að geta slegið það met.

Mætum vel...

NORÐFIRÐINGUR

Útgefandi: Norðfirðingafélagið
Heiðarlundi 1,
210 Garðabæ.

Ritstjóri: Jón Karlsson.